

Velferðarnefnd Alþingis
Smiðja við Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2024


Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (tannheilbrigðisþjónusta fyrir börn, aldraða og öryrkja), mál nr. 129.

ÖBÍ – réttindasamtök (ÖBÍ) styðja ofangreinda breytingu sem yrði til þess að tryggja öllum börnum, öldruðum og örorkulífeyrisþegum jafnt aðgengi að tannheilbrigði. Eins og fram kemur í greinargerð þá kemur sífellt betur í ljós hversu mikilvægt tannheilbrigði er fyrir líkamlega og andlega heilsu, auk þess sem frestun á tannheilbrigðisþjónustu getur haft alvarlegar varanlegar afleiðingar. ÖBÍ fagnar því gagnsæi sem þessi breyting myndi hafa í för með sér, þar sem enginn vafi myndi leika á því hverjir ættu rétt á þjónustunni.

Jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu er mikilvægt málefni fyrir jafnt fatlað fólk sem ófatlað og styður ÖBÍ því allar breytingar sem stuðla að auknum jöfnuði.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ – réttindasamtaka



Rósa María Hjörvar
verkefnastjóri ÖBÍ - réttindasamtaka